


Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

STÝR1VA04AV (STÝ 1024)

Kennari	Ívar Valbergsson, ivar.valbergsson@fss.is	
Viðtalstími	Viðtalstími kennara er í kennslustund.	
Námsefni	Kennsluefni frá kennara. Kennt er í geng um Moodle	
Áfangalýsing	<p>Í áfanganum öðlast nemendur grunnþekkingu á loft-, og vökvastýrðum kerfum, meðhöndlun loftsins (raka, síun, hitastigi) og uppbyggingu vökva, helstu þáttum þeirra, hlutverki og notkunarsviði. Þeir þjálfast í stillingu þrýstings, notkun og stillingu tímaliða og hraða. Fjallað er um helstu atriði í uppbyggingu þrepastýrikerfa og raktar teikningar af stýrikerfum fyrir brunavélar. Nemendur fá undirstöðuþekkingu og skilning á hlutverki og notkun stýritækninnar, þannig að þeir verði færir um að þjónusta loft- og vökvastýrð kerfi, setja upp kerfi eftir teikningum og framkvæma einfaldar viðgerðir. Gerðar eru verklegar æfingar í uppbyggingu og notkun einfaldra loft- og vökvastýrikerfa.</p>	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	75% Skýrslur og verkefni.
	25% Raunmæting og virkni í tímum.(Skyndipróf)
	Síamatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf <input type="checkbox"/> Sleppikerfi <input type="checkbox"/>

Reglur áfanga	<u>Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.</u>
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	<u>Áskilinn er réttur til að bregða út af áætlun ef þörf krefur.</u>
--	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> táknmyndum sem notaðar eru í teikningum samkvæmt ISO-staðli samhengi flatar, þrýstings og krafts Loftþjöppun og vökvadælum, tjökkum, lokum og vökakerfum öryggisþáttum við meðhöndlun á lofti og vökva undir þrýstingi hraðastillingum strokka og notkun tímaliða með stillanlegum rof-og tengitíma áhvílandi stýrimerkjum síum og hreinsibúnaði og helstu aðferðum við hreinsun á lögnum helstu tegundum lagna, rörum, slöngum, festingum og tengjum vökvum sem notaðir eru á vökvakerfi og eðliseiginleikum þeirra (seigju, seigjutölu) og umhverfisáhrifum vökva, förgun og endurvinnslu 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> setja upp og annast tengingar einfaldra stýrikerfa útskýra virkni einfaldra stýrikerfa út frá teikningum útskýra tengimyndir, starfsrit og stöðurit lesa kerfisteikningar og nota handbækur meta hvort uppgefnar stærðir á lögnum séu réttar meta stærð vökvageymis og lagna að honum og frá
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> stjórna loft- og þrýstivökvakerfum á öruggan hátt lofttæma lokað vökvakerfi finna og lagfæra bilanir í loft- og þrýstivökvakerfum gera tengimyndir af hálf- og alsjálfvirkum raðferlum strokka meta orkutap í kerfum gera starfsrit samkvæmt tengimyndum nota handbækur 	

Vinnuáætlun með símati		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	1 x 2 klst.	2 klst.
Ritgerð / Skýrsla	5 klst.	5 klst.
Alls		87 klst. = 4 fein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 20. - 27. ágúst	Kynning á námsefni og aðstöðu	
2. vika 30. ágúst - 3. september	Verkefni í moodle	Tölvu
3. vika 6. - 10. september	Verkefni í moodle	„
4. vika 13. - 17. september	Verkefni í moodle	„
5. vika 20. - 24. september	Verklegt verkefni loftstýringar	„
6. vika 27. sept. - 1. október	Verklegt verkefni loftstýringar	„
7. vika 4. - 8. október	Verkefni í moodle	„
8. vika 11. – 15. október	Verkefni í moodle	„
9. vika 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i>	Verkefni í moodle	„
10. vika 25. - 29. október	Verklegt vökvaafslfræði	„
11. vika 1. - 5. nóvember	Verklegt vökvaafslfræði	„
12. vika 8. - 12. nóvember	Verkefni í moodle	„
13. vika 15. - 19. nóvember	Verkefni í moodle	„
14. vika 22. - 26. nóvember	Verklegt vökvaafslfræði	„
15. vika 29. nóv. - 3. desember	Verklegt vökvaafslfræði	„

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ívar Valbergsson